

BRA

BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNNS

“Lentir þú í árekstri”

Láttu okkur þá laga bílinn.
Frí Tjónaskoðun.



SJÓVÁ



TM



FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI



Auðbrekku 27. Kópavogi

☎ 554 2510

www.bilasprautun.is



Laxaolía

Styður við heilbrigða húð og feld

KÓPAVOGS

- P Ó S T U R I N N -

22. tbl. 30. árg. Fimmtudagur 22. ágúst 2024. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: WWW.KGP.IS

KOMINNTÍMIA SKOÐUN?

Verið velkomin með bílinn í skoðun á **Dalveg 22**

Frumherji

Lyfjaval

HEILSA & HÁMINGJA



Bílaapótek Lyfjaval
Hæðasmára

FASTEIGNASALAN

TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR

Darri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000

Bæjarlind 14-16
www.errea.is

Í KÓPAVOGI

Efla barna- og unglíngastarf í Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar



Undirritun! F.v. Ásdís Kristjánsdóttir, Jón Júlíusson, formaður GKG og Almar Guðmundsson, bæjarstjóri í Garðabæ. Fyrir ofan standa þeir Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri GKG og Hrannar Bragi Eyjólfsson, formaður Íþróttaráðs Garðabæjar

Kópavogur ásamt Garðabæ og Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar hafa undirritað samstarfssamning með það meginmarkmið að leiðarljósi að efla áfram barna- og unglíngastarf í golfi í bæjarfélögunum tveimur.

Með samningi Kópavogs og GKG er lögð sérstök áhersla á að mæta þörfum fatlaðra barna og ungmenna í samræmi við stefnu Kópavogs í málefnum fatlaðs fólks. Einnig að vinna áætlun varðandi eineltismál byggða á forvarnarstefnu og samskiptasáttmála Kópavogs.

12kr.

AFSLÁTTUR MEÐ ORKULYKLI

Afsláttur gildir ekki á völdum stöðvum þar sem lægsta verð Orkunnar er í gildi. Kyntu þér staðsetningarnar á Orkan.is
Þar gildir okkar lægsta verð, alltaf.

orkan.is

RAFÍÐ
FISKVERNUM
Grillvörur Hafsins eru komnar í verslanir okkar

Nettó Engihjalla

Opið alla daga 8-24



nettó

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR



hjá eftirfarandi fyrirtækjum:




LIND


FASTEIGNASALA

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flúgger: 30% afsláttur af allri innimálingu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.


Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA







Frímann
897 2468



Hálfmán
898 5765




Ólöf
898 3075



Kristín
699 0512

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



Um 5000 nemendur hefja nám í grunnskólum Kópavogs

Skólasetning í grunnskólum föstudaginn 23. ágúst

Skólasetning í grunnskólum Kópavogsbæjar verður á morgun, föstudaginn 23. ágúst en kennsla hefst samkvæmt stundaskrá mánudag 26. ágúst.

454 börn hefja skólagöngu í 1. bekk í grunnskólum Kópavogs núna í ágúst. Grunnskólar Kópavogs eru tíu talsins og eru Hörðuvallaskóli, Kóraskóli, Salaskóli, Lindaskóli, Snælandsskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Vatnsendaskóli, Smáraslóli og Álfhólsskóli. Heildarfjöldi nemenda er rétt um 5000.



Um 5000 grunnskólanemendur hefja nám í tíu grunnskólum Kópavogs á mánudaginn. Mynd frá Barnaþingi

1000 starfsmenn í grunnskólum Kópavogs

Um 1000 starfsmenn vinna í grunnskólum Kópavogs en það eru grunnskólakennarar, leiðbeinendur og stuðningsfulltrúar.

Ökumenn eru minntir á að aka varlega þegar ungir nemendur fara að ganga og hjóla í skólann.

Upplýsingar um fyrirkomulag er að finna á vefsíðum skólanna.

FASTEIGNASALAN
TORG

KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

Er með kaupendur að:

- Lóð í grennd við höfuðborgarsvæðið.
- Sumarbústað í Grimsnesinu.
- 2-3herb íbúð í Hafnarfirði.
- Hæð með bílskúr í Hafnarfirði.
- 2-4 herb íbúð í Garðabæ.
- 3-4 herb íbúð í Kópavogi.
- Einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu. Þarf að vera með bílskúr. Offt.

FRÍTT VERDMAT.

SVAVAR FRÍÐRIKSSON
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI
SVAVAR@FSTORG.IS



HRINGDU NÚNA 623-1717



Um 1.300 nemendur störfuðu í Vinnuskólanum í sumar

56. starfsári Vinnuskólans lokið

Þann 9. ágúst sl. lauk starfi Vinnuskólans sumarið 2024. Þar með lauk 56. starfsári Vinnuskólans í Kópavogi.

Opnað verður fyrir umsóknir um starf næsta sumar þann 1. apríl 2025.

Sumarið gekk mjög vel fyrir sig og voru rúmlega 1.300 nemendur sem störfuðu hjá Vinnuskólanum þetta árið. Störfuðu nemendur ýmist við störf hjá stofnunum, félögum eða í garðvinnu allt eftir aldri og áhugasviði.

Þess má geta að nemendur sem unnu dagana 10. júlí til 9. ágúst fá greitt þann 22. ágúst.

Vinnuskóli Kópavogs vill nota tækifærið og þakka fyrir samstarfið í ár og hlakkar til að sjá ykkur næsta sumar.













ÚTFARARSTOEA
KIRKJUGARÐANNA

Útfararþjónusta í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Hamraborg Festival 29. ágúst til 5. september 2024

Lista- og menningarhátíðin Hamraborg Festival verður haldin dagana 29. ágúst til 5. september 2024 en þetta er í fjórða skipti sem hátíðin er haldin. Standandi sýningar verða opnar í viku en gjörningar, tónleikar og vinnusmiðjur verða frá föstudegi til sunnudags.



Hamraborg Festival er lífandi listahátíð í hjarta Kópavogs. Hátíðin er haldin ár hvert í lok ágúst og markar þar með enda sumarsins með vikulöngum fögnuði lista og menningar í Hamraborg. Allar sýningar og viðburðir hátíðarinnar fara fram innan veggja menningarhúsa, almenningsryma, kaffihúsa, verslana og vinnustaða Hamraborgar.

Í ár mun Hamraborg Festival sameina raddir listamanna og fagna samvinnu, samveru og sameiginlegu dreymi.

viðburði verður gerð aðgengileg þegar nær dregur að hátíðinni.

Allir viðburðir hátíðarinnar eru gjaldfrjálssir og opnir öllum. Meðal viðburða eru myndlistarsýningar, gjörningar, tískusýningar, ljóðalestur, sýning á verkum eftir hinsegin listafólk, vinnustofur, þáttökuverk og sýningar sérstaklega hannaðar fyrir börn og fjölskyldur.

Formleg setning hátíðarinnar verður föstudag 30. ágúst kl. 16.30 í hátíðartjaldinu sem verður staðsett á Hálsatorgi. Dagskrá með upplýsingum um alla listamenn og

Hamraborg Festival 2024 er haldið með stuðningi frá MEKÓ - Menning í Kópavogi, Myndlistarsjóði og Barnamenningarsjóði. Lesa meira á vefsíðu Hamraborg Festival: <https://www.hamraborgfestival.is>

Vefsíða Kópavogspóstisins kgp.is
[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)
[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)



KOMINN TÍMI Á MALBIKSVIÐGERÐIR OG MÁLUN BÍLASTÆÐA?

WWW.VERKTAK.IS | 5514000 | 6908000



LINDEX

Mjúk
skólabyrjun

index.is

KÓPAVOGS - P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.
Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,
Sími: 697 4020. Vefsíða: www.kgp.is Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Kópavogspósturinn kemur næst út 29. ágúst

Síðasti skiladagur er föstudaginn 23. ágúst.

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Vefsíða Kópavogspóstsins, www.kgp.is

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésón
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn
Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfjörð | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is

Vefsíða Kópavogs-
póstsins www.kgp.is

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

[Twitter.com/Kopavogspostur](https://twitter.com/Kopavogspostur)

[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

Axel Ingi ráðinn forstöðumaður Salarins

Axel Ingi Árnason hefur verið ráðinn forstöðumaður Salarins. Axel Ingi er með BA og M.Mus í tónsmíðum frá Listaháskóla Íslands og meistaraþróf í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst.

Hann hefur starfað sem tónskáld, lagahöfundur, kórstjóri og píanóleikari. Má þar nefna að hann samdi og flutti tónlistina í leikritinu Góðan daginn Faggi eftir Bjarna Snæbjörnsson og Grétu Kristínu Ómarsdóttur sem sló í gegn og hlaut fyrir verkið tilnefningar til Grímmunnar og Íslensku tónlistarverðlaunanna. Axel Ingi ásamt Péttri Karli Heiðarsyni samdi einnig tónlistina í uppfærslu Leikfélags Akureyrar á And Björk of Course eftir Þorvald Þorsteinson. Þá hefur hann samið tónlist fyrir fjölmörg önnur leikrit og kvikmyndir.

Axel Ingi hefur einnig unnið við texta- og handritaskrif fyrir leiksýningar og sjónvarpsþætti, sett á fót eigin leiksýningar og



Axel Ingi tónskáld, lagahöfundur, kórstjóri og píanóleikari hefur verið ráðinn sem forstöðumaður Salarins

tónlistarviðurð, verkefnastýrt viðurðum og unnið sem kórstjóri og píanókennari. Hann hefur frá hausti 2022 starfað sem verkefnastjóri viðurða og rekstrar í Salnum en frá því mars 2024 hefur Axel Ingi verið starfandi forstöðumaður Salarins.

Alls sóttu 30 um stöðu forstöðumanns, en tveir drógu umsókn sína til baka. Forstöðumaður er ráðinn til fimm ára með möguleika á framlengingu.

„Axel Ingi hefur metnaðarfulla sýn á framtíð Salarins sem er einstakt tónlistarhús auk þess að vera vettvangur viðurða af ýmsum toga. Þá er afar ánægjulegt að fá hann í hóp öflugra menningarstjórnenda í Kópavogi,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs.

„Axel Ingi hefur mikla þekkingu og innsýn í ólíkar tónlistarstefnur sem mun nýtast afar vel. Þá hefur hann mikinn metnað fyrir menningarstarfi í Kópavogi og mun leggja þar dýrmætt lóð á vogarskálarnar,“ segir Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi.

Salurinn var vígður fyrir 25 árum og er fyrsta tónlistarhús á Íslandi sem hannað er með flutning tónlistar í huga.

Fjölbreytt námskeið fyrir grunnskólakennara

Námskeið fyrir grunnskólakennara í Kópavogi voru haldin í áttunda skipti en þau hafa verið haldin í aðdraganda skólasetningar síðan 2017 í þessu formi.

Dagskráin stóð yfir í fjóra daga frá 9:00 - 16:00 en síðasti dagur námskeiðanna var miðvikudagur 14. ágúst sl. Öll námskeið fóru fram í Salaskóla nema annað væri tekið fram

Endurmenntun er í öndvegi í upphafi nýs skólaárs og fjölmörg námskeið voru í boði fyrir kennara. Hægt var að sækja bæði heilsdags- eða hálf dagsnámskeið en námskeiðin voru 26 talsins. Meðal annars gafst kennurum færi á að sækja námskeið um barnasáttmálann, ADHD í skólafestunni, skynvænt skólaumhverfi og inngildingun hinsegin nemenda í grunnskólum.

Í Kópavogi eru tíu grunnskólar og tveir sjálfstætt starfandi skólar. Grunnskólarnir



Endurmenntun er í öndvegi í upphafi nýs skólaárs og fjölmörg námskeið voru í boði fyrir kennara.

eru Álfnólsskóli, Hörðuvallaskóli, Kóraskóli, Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Lindaskóli, Salaskóli, Smáraskóli, Snælandsskóli

og Vatnsendaskóli. Skólasetning hjá grunnskólum í Kópavogi verður á morgun, föstudaginn 23. ágúst.

LÍKAMSRÆKT B&Ó HEILSA, HREYSTI OG VELLÍÐAN

EFTIRMIÐDAGSTÍMAR

KARLAR

MÁNUDAGAR / MIÐVIKUDAGAR

KL.17.50-18.40

KL.18.40-19.30

KONUR

MÁNUDAGAR / MIÐVIKUDAGAR

KL.17.00-17.50

MORGUNTÍMAR

KONUR

MÁNUDAGAR / MIÐVIKUDAGAR / FÖSTUDAGAR

KL.07.50-08.40



HAUSTNÁMSKEIÐ HEFST 2. SEPTEMBER

ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐIN ÁSGARÐUR, GARÐABÆ

Bæjarmolar



Queer Situations - Alþjóðleg bókmenntahátíð

Queer Situations er bókmenntahátíð verður haldin í Salnum frá 23. ágúst 14:00 til 24. ágúst 22:00, en hátíðin leggur áherslu á hinsegin bókmenntir í fleiri en einum skilningi.

Bækur höfunda sem skilgreina sig sem hinsegin en einnig bókmenntir sem falla út fyrir meginstrauminn. Queer Situations leggur ríka áherslu á að bjóða erlendum höfundum til landsins, til að brjóta upp og opna umræðu um hinsegin bókmenntir á Íslandi.

Á bak við hátíðina Queer Situation standa rithöfundarnir Halla Þórlaug Óskarsdóttir og Eva Rún Snorradóttir ásamt hönnuðinum Elíasi Rúna auk hóps sjálfboðaliða.



HANNES STEINDÓRSSON

Löggiltur fasteignasali

Sími **699 5008**

hannes@fastlind.is

20 ÁRA REYNSLA

Það seljast fasteignir á hverjum
degi þrátt fyrir markaðsaðstæður.

Eignin þín gæti verið ein þeirra. Það þarf mikla reynslu
til að vinna við þær aðstæður sem eru í dag.



Sparaðu með Vildarkorti Lindar

Allir kaupendur og seljendur
fá Vildarkort Lindar sem veitir
30% afslátt
hjá eftirfarandi fyrirtækjum



Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum nema Skovby, af þeim eru 15% afsláttur. **Betra bak:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Dorma:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Flúgger:** 30% afsláttur af allri innimálningu. **S. Helgason:** 30% afsláttur af öllum borðplötum. **Parki:** 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. **Z-brautir & gluggatjöld:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Vidd:** 30% afsláttur af öllum vörum. **Húsamíðjan:** 30% afsláttur af hreinlætistöskjum og ljósum. Ekki er veittur afsláttur af Philips HUE og tilbóðsvörum. **ATH!** Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

LIND
FASTEIGNASALA

Bæjarlind 4 | Sími 510 7900
fastlind.is | nyjaribudir.is

Lindakirkja er landspekkt fyrir sitt fjölbreytta og skemmtilega safnaðarstarf og góða kirkjusókn

- segir Ólafur Jóhann sem sinnir starfi sóknarprestis í Lindakirkju á meðan Guðmundur Karl er í árs leyfi

Guðmundur Karl Brynjarsson, sóknarprestur í Lindakirkju er kominn í ársleyfi frá störfum við kirkjuna og mun sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson sóknarprestur í Seljakirkju stíga inn í hans stað, en Ólafur Jóhann hefur starfað sem sóknarprestur í Seljakirkju undanfarnir 18 ár.

Hver er Ólafur Jóhann og hvernig kom það til að hann ákvað að fylla tímabundið í skarðið sem Guðmundur Karl skilur eftir sig? „Ólafur Jóhann er fæddur og uppalinn Eyjamaður. Eiginkona mín heitir Guðbjörg Sigríður Hauksdóttir, grunnskólakennari og flugfreyja og börnin eru þrjú; Arnór Orri, Sigtryggur Örn og Ingibjörg Svana. Við höfum búið í Salahverfinu síðustu tólf árin og erum búin að festa hér rætur. Þegar ljóst var að Guðmundur Karl væri að fara í tímabundið leyfi sóttist ég eftir að fá að koma í Lindakirkju vegna þess að Lindakirkja er landspekkt fyrir sitt fjölbreytta og skemmtilega safnaðarstarf og góða kirkjusókn. Ég verð hér bara í eitt ár og sannfærður um að ég geti lært mikið af því sem hér fer fram – og vonandi miðlað eitthvað af reynslu minni,” segir Ólafur Jóhann er Kópavogspósturinn tók hann tali.

Þekkir vel til Lindasóknar

En þú ert nú ekki alveg ókunnugur Lindakirkju því þú varst m.a. gestur á Súpusamveru fyrir eldri borgara í kirkjunni fyrir nokkrum árum – þú hefur væntanlega upplifað þetta góða andrúmsloft sem umlykur Lindasókn eða var það bara súpan sem heillaði? „Ég er hreint ekki ókunnugur starfinu í Lindakirkju. Það er rétt sem þú segir, ég hefði komið þar sem gestur á eldri borgara samveru og svo hef ég oft verið með ýmsar athafnir, skírt, fermt, gift og jarðað. En auk þess hafa börnin mín sótt þar hið fjölbreytta og skemmtilega barna- og unglíngastarf og fermingafærðslu. Það er sko alveg óhætt að mæla með því fyrir öll börn og ungmenni, því starfið er svo fjölbreytt og hentar öllum.“

Ég geri bara allt sem samstarfsfólkið og sóknarnefndin segir mér að gera!

Og hvaða störfum munt þú helst sinna af hendi í Lindasókn? „Ég geri bara allt sem samstarfsfólkið og sóknarnefndin segir mér að gera! Það er ekki einfalt að reyna að fylla skarðið sem Guðmundur Karl skilur eftir – en ég ætla að gera mitt besta. Í því felst að sinna þessum hefðbundnu prestsverkum, leiða barnamessur og kvöldmessur, taka þátt í súpusamverum og safnaðarstarfinu. Og jafnframt vera sóknarbörnum stuðningur og sálhjálp á erfiðum tímum. Kirkjan er nefnilega athvarf í gleði og sorg og við prestarnir alltaf boðnir og búnir til þess að leggja lið.“

Að svo mörgu leyti ólíkar sóknir

En hvernig er það svona almennt, er einhver áherslumunur á sóknarstarfinu á milli kirkna eða gengur þú bara inn í sama umhverfi og þú þekkir í Seljakirkju? „Þó markmið allra sókna sé það sama eru aðstæður mjög mismunandi. Þó sóknarmörk Lindasóknar og Seljasóknar liggja saman þá eru þetta að svo mörgu leyti ólíkar sóknir. Seljahverfið er mjög gróit, byggt upp að mestu á átt-

unda og níunda áratug síðustu aldar en Lindasóknin hefur verið að byggjast upp síðasta aldarfjórðunginn eða svo. Þar að auki er íbúafjöldinn hér tvöfalt meiri en í Seljahverfinu. Þessar sóknir eiga það sameiginlegar að mjög mikill metnaður er lagður í almennt safnaðarstarf, að allir finni sig velkomna – þó áherslur séu mismunandi. Í Seljakirkju er öflugt kvenfélag sem hefur reynst öflugur bakhjarl kirkjunnar. Í báðum kirkjum eru barna- unglíngar og kirkjukórar – þó tónlistarstefnan sé ólík á milli kirkna.“

Mikill samhljómur meðal allra að leggja allan metnað í að gera starfið sem best

Nú er haustið framundan og sóknarstarfið að fara á fullt – er haust- og vetrardagskráin spennandi í Lindakirkju þetta árið? „Starfið í Lindakirkju ótrúlega fjölbreytt og skemmtilegt og það er svo gaman að finna hvað það er mikill samhljómur meðal allra að leggja allan metnað í að gera starfið sem best. Og þess vegna er engin tilviljun að starfið í Lindakirkju hafi fengið mikla athygli. Það er barna- og æskulýsistarf fyrir börn og unglíngar á öllum aldri, fjölgreindarstarf, hádegissamveru á fimmtudögum með fjölbreyttir dagskrá. Auk þess eru vinavörðir skemmtilegt starf þar sem þrjú eru bænastjól sem eru svo gefin til þeirra sem á þurfa að halda. Í haust ætlum við svo að setja á stað Karlakaffi, sem verður fyrsta miðvikudagsmorgun í hverjum mánuði. Þar er góður vettvangur fyrir karla til að hittast og þar fáum við góða gesti með innlegg og í kjölfarið verða vonandi skemmtilegar umræður og að sjálfsgöðu verður boðið upp á kaffi og með“!

Fögnum Kirkjudögum í Lindakirkju,

Og nú eru Kirkjudagar framundan í Lindakirkju dagana 25. ágúst til 1. september. Hvað er um að vera á Kirkjudögum? „Kirkjudagar voru síðast haldnir fyrir níttán árum og þá á Skólavörðuholtinu. Nú fögnum við kirkjudögum í Lindakirkju, þar sem þjóðkirkjufólk af öllu

landinu kemur saman í Lindakirkju til að fagna, njóta, gleðjast, fræðast, syngja, biðja og uppbyggjast með því að taka þátt í allskonar dagskrá fyrir alla aldurshópa. Þeir hefjast með kveðjumessu biskups í Dómkirkjunni 25. ágúst kl 11, en svo verður pílagrímaganga í Lindakirkju þar sem fer fram setning Kirkjudaga. Mánudag til fimmtudags verða málstofur í Lindakirkju og á föstudeginum Sálfafoss með þátttöku kóra af öllu landinu og sungnir verða valdir sálmar í ýmsum útsetningum. Á laugardegnum verður fjölbreytt dagskrá í Lindakirkju; hoppukastalar, vöndurhús, fyrirlestrar, kynningar og margt fleira. og Kirkjudögum lýkur með vígslu nýs biskups í Hallgrímskirkju. Verið öll vekomin á kirkjudagana og njóta þar fjölbreyttar dagskrár sem má finna á heimasíðu lindakirkju; lindakirkja.is.“

Liverpool tapaði ekki leik í marga mánuði eftir að Liverpool messan var haldin

Heyrðu, þú kemst ekki hjá þessari spurningu, en það gleður sjálfsagt mjög marga og jú, kannski aðra síður að þú ert mikill stuðningsmaður Liverpool og hefur haldið sérstaka Liverpoolmessu í Seljakirkju. Ætla þú að halda uppteknum Liverpool-messu í boði og er þetta mestu „halleljúá“ messur sem þú heldur? „Þessi Liverpool – messa var nú meira ævintýrið. Það var þannig vorið 2019 að ég var að bera á pallinn hjá mér, Liverpool hafði unnið Barcelona kvöldið áður 4-0 – og komist þannig, nokkuð óvænt, áfram í meistarakappni Evrópu. Hugurinn leitaði til messu næsta sunnudags og ég hugsaði með mér: „Þetta er lærdómur fyrir okkur öll, við eigum aldrei að gefast upp þó vonin sé veik.“ Og svo fór ég að hugsa til þess að Jurgen Klopp, hin geðþekki Þjóðverji og þáverandi þjálfari Liverpool hafði talað mjög um hve kristnin væri honum mikilvæg. Þar að auki rímar Liverpool söngurinn You'll never walk alone vel við boðskap kristinnar, því Jesús sagði: „Ég er með ykkur alla daga, allt til enda veralda“ og úr þessum þankagangi varð Liverpoolmessan til. Ég reiknaði ekki



Starfið í Lindakirkju ótrúlega fjölbreytt og skemmtilegt og það er svo gaman að finna hvað það er mikill samhljómur meðal allra að leggja allan metnað í að gera starfið sem best. Og þess vegna er engin tilviljun að starfið í Lindakirkju hafi fengið mikla athygli - segir Ólafur Jóhann

endilega með mörgum, en Liverpoolmenn ákváðu að fjölmennar og fylltu Seljakirkju og úr varð einstök stund. Og þess má til gamans geta að Liverpool tapaði ekki leik í marga mánuði eftir að Liverpool messan var haldin,” segir hann og brosir.

Ein af hinu óskum hans var sú að þessi endemis Liverpool prestur kæmi hvergi nálægt jarðarförinni hans

Hefur þetta nokkuð haft áhrif á kirkjusóknina að sóknarpresturinn sé svona gallharður Liverpool-maður? „Jah, það er nú spurning. Ég frétti af því að fáum mánuðum eftir messuna að einn ákafur aðdáandi Manchester United hefði kvatt þennan heim og ein af hans hinu óskum væri sú að þessi endemis Liverpool prestur kæmi hvergi nálægt jarðarförinni hans. Mér skilst að séra Pálmi Matthíason hafi séð um útförina sem er miklu harðari Liverpoolmaður en ég.“

Mér list mjög vel á áherslur Arne Slot

Hvernig list þér annars á tímabilið fyrir hönd Liverpool? „Þetta fer vel af stað hjá okkar mönnum, bæði undirbúningurinn og

fyrsta umferðin. Mörgum þótti sárt að horfa á eftir Klopp á meðan öðrum þótti vera kominn tími á breytingar. Ég er bjartsýnn að eðlisfari og mér list mjög vel á þessar áherslur Arne Slot, sem er að hreyfa við liðinu og láta menn spila nýjar stöður og styrkleikar þeirra koma enn betur í ljós.“

En aftur af starfinu í Lindasókn og kirkjunni yfir höfuð, fyrir hvern er kirkjan og hefur starf hennar breyst mikið á undanförmum árum? „Ég hef fylgst með starfi Lindakirkju allt frá því að sóknin var stofnuð árið 2002. Fyrst um sinn var aðstaðan frekar takmörkuð, minnti helst á lítinn sumarbústað en var með helgihald í Lindaskóla. En allt frá upphafi var lögd áhersla á að byggja upp þetta skemmtilega safnaðarstarf. Aðstaðan varð svo öll betri eftir að kirkjan og safnaðarheimilið byggðist upp Og þó að byggingin sé enn ekki fullkláruð mæta þangað fleiri hundruð manns í hverri viku. Og alltaf verið að bæta aðstöðuna. Nú er til dæmis verið að safna fyrir lyftu til þess að gera aðstöðuna og aðgengið enn betra.“

Sjaldan verið eins mikilvægt eins og á okkar tímum að sinna andlegu hlíðinni

Og er gott fyrir alla að mæta í kirkju, sækja messur og stunda sóknarstarfið sama á hvaða aldri þeir eru? „Ég held að það hafi sjaldan verið eins mikilvægt eins og á okkar tímum að sinna andlegu hlíðinni. Aldrei hefur áreitið verið eins mikið úr öllum áttum og þess vegna er svo gott að koma í helgidóminn, eiga stund með sjálfum sér og Guði í góðu samfélagi, syngja, nærast af Guðs orði og góðri hugleiðingu. Maður er aldrei of ungur eða gamall til að temja sér slíkt – og ég fullyrði að það er góð hugmynd að byrja nýja viku á að mæta í kirkju; til þess að þakka allt það góða sem hefur og biðja fyrir því sem veldur manni áhyggjum og hugarangri.“

Valinn maður í hverju rúmi

Og ertu spenntur að breyta aðeins til og hefja störf í nýrri sókn? „Ég er þegar byrjaður og fann það frá fyrsta degi að hér er valinn maður í hverju rúmi; einstakt samstarfsfólk. Ég er þegar búinn að hitta fermingarbörnin og foreldra þeirra, bæna-standarfólkið á fimmtudögum og hlakka svo sannarlega til að hitta alla þá sem koma í Lindakirkju. Hér er vel tekið á móti, boðið upp á gott kaffi og hlýjar móttökur. Verið velkomin til okkar í Lindakirkju,” segir Ólafur Jóhann að lokum.




Sóknarprestar við Lindasókn! Dis Gylfadóttir, Ólafur Jóhann og Guðni Már Harðarson

KOMDU Í KARATE

FRÍR GALLI FYRIR BYRJENDUR

KARATESKÓLI
FYRIR BÖRN
FÆDD 2019



FRÍR PRUFUTÍMI

FRÍSTUNDASTYRKIR
SVEITAFÉLAGA GANGA
UPP Í ÆFINGAGJÖLD

Byrjendanámskeið fyrir börn, unglunga og fullorðna
Byrjenda- og framhaldsnámskeið fyrir börn, unglunga og fullorðna
Frábær líkamsrækt, styrkur, agi og skemmtun!

Skráning á breidablik.is
allar upplýsingar á Facebooksíðu deildarinnar

KARATEDEILD BREIÐABLIKS

Sendið okkur póst á karate@breidablik.is til að fá frekari upplýsingar



eignaumsjon.is

VR

FYRIRMYNDAR
FYRIRTÆKI 2023
Eignaumsjón

2023 Fyrirmyndaryfirtæki
í rekstri
Váðgæðslu & Kæðun

Láttu okkur sjá um húsfélagið!

Við erum með yfir 20 ára þekkingu og reynslu í rekstri fjöleignarhúsa.

Þjónustuverið okkar svarar fyrirspurnum hratt og örugglega í síma 585 4800 og á netspjallinu, eða sendið okkur tölvupóst á thjonusta@eignaumsjon.is.

Heyrðu í okkur og við gerum þér tilboð!

• EIGNAumsjón
lykill að öruggum rekstri fasteigna

Suðurlandsbraut 30
Reykjavík | Sími 585 4800



Fylgdu okkur á: [Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

[Twitter.com/Kopavogspostur](https://twitter.com/Kopavogspostur) eða [Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

Björn Breki Halldórsson í GKG tryggði sér Íslandsmeistaratitil U14 ára



Frá vinstri: Birgir Leifur Hafþórsson, stjórnarmaður GSÍ, Skarphéðinn Egill, Björn Breki GKG, Máni Freyr og Steinn Baugur Gunnarsson íþróttastjóri NK - og mótstjóri

Björn Breki Halldórsson í GKG tryggði sér Íslandsmeistaratitil 14 ára sl. sunnudag, en Íslandsmót unglunga í höggleik fyrir keppendur 14 ára og yngri fór fram á Nesvellinum á Seltjarnarnesi dagana 16.-18. ágúst.

Aðstæður voru krefjandi fyrir yngstu afreksefni landsins, en töluverður vindur var á Seltjarnarnesi alla þrjá keppnisdaga.

Helga fór holu í höggi á 4. braut í Leirdalnum

GKG kylfingar halda áfram að fara holu í höggi eins og ekkert sé sjálfsagðara, en í síðasta tölublað var sagt frá þeim Brynjari Sverris og Sigga smíð sem fóru holu í höggi á dögnum.

Í síðustu viku bættist svo Helga Björg Steingrimsdóttir í hópinn þegar hún fór holu í höggi á 4. braut á Leirdalnum. Notaði Helga sjöuna í draumahögg. Vel gert Helga og til hamingju.

Böddi eins og hann er kallaður lék hringina þrjá á 69-70-68 (-3) og sigraði með 4 högga mun.

Önnur ungmenni úr GKG sem komust á verðlaunapall voru Embla Hrönn Hallsdóttir sem hafnaði í öðru sæti í flokki 15-16 ára líkt og Una Karen Guðmundsdóttir í flokki 17-18 ára. Arnar Daði Svavarsson lenti í 3. sæti í flokki 15-16 ára, aðeins einu höggi frá bráðabana um sigurinn.



MINNUM Á AÐ HÁDEGISMÁLTÍÐIR ERU NÚ GJALDFRJÁLSAR

BÚIÐ ER AÐ OPNA FYRIR ÁSKRFTIR!

SKRÁNING FER FRAM Á WWW.SKOLAMATUR.IS





FIMLEIKAR ERU FYRIR ALLA!

Íþróttafélagið Gerpla býður uppá fimleika fyrir byrjendur og lengra komna á öllum aldri!



KRÍLAFIMLEIKAR
GRUNN- OG FRAMHALD SHÓPAR
HÓPFIMLEIKAR
FIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA
PARKOUR
FULLORÐINSFIMLEIKAR
ÁHALDAFIMLEIKAR
BOLTAPREK
FIMLEIKAR FYRIR ALLA

Fimleikar eru frábær grunnur fyrir allar íþróttir, við hvetjum alla til að prófa!

Frábær félagsskapur, framúrskarandi þjálfarar og endalaus gleði sem fylgir því að hreyfa sig við allra bestu aðstæður sem finnast í Evrópu



UPPLÝSINGAR
gerpla.is
gerpla@gerpla.is

SKRÁNING
abler.io/shop/gerpla

Ég er mjög meðvituð um mikilvægi íþróttanna í gegnum barnæskuna og unglingsárin og þann félagslega þátt sem íþróttir spilar í lífi barna og ungmenna

- segir Tanja Tómasdóttir nýr framkvæmdastjóri Breiðabliks

Tanja Tómasdóttir er nýr framkvæmdastjóri Breiðabliks, en hún tekur við starfinu af Eysteini Pétri Lárussyni sem var ráðinn framkvæmdastjóri KSÍ í maí sl. Eysteinn hefur starfað sem framkvæmdastjóri hjá Breiðablik frá 2013, fyrstu árin sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar eða frá 2013-2017 og frá 2017 sem framkvæmdastjóri alls félagsins. Eysteinn mun yfirgefa Smáran þann 1. september nk. er hann hefur störf í Laugardalnum.

Tanja er því um þessar mundir að koma sér vel fyrir á skrifstofu sinni í Smáranum, en hún er lögfræðingur að mennt og kemur frá TM tryggingum þar sem hún hefur undanfarin átta ár starfað við lögfræðisþjónustu og viðskiptaþróun. Þá hefur Tanja stundað nám við forystu og stjórnum samhliða vinnu undanfarna mánuði.

Tanja er alls ekki ókunn að starfa innan íþróttahreyfingarinnar því hún hlaut réttindi sem umboðsmaður knattspyrnumanna árið 2014 fyrsta íslenskra kvenna og þá hefur hún unnið félagsstörf á vegum íþróttahreyfingarinnar m.a. verið í stjórn Leikmannasamtaka Íslands, varamaður í samninga- og félagsskiptanefnd KSÍ og var kjörin í dómstól ÍSÍ árið 2023.

Kópavogspósturinn heyrði hljóðið í Tönju og spurði hana meðal annars hvernig það hafi komið til að hún ákvað að yfirgefa „viðskiptalíf“ til að taka við sem framkvæmdastjóri Breiðabliks? „Það hefur alltaf blundað í mér að starfa í íþróttahreyfingunni og ég hef alltaf reynt að halda í einhverja tengingu við hana s.s. með því að tengja námið mitt við íþróttir, vera í stjórn Leikmannasamtakanna og dómari í dómstól ÍSÍ. Ég lít á það sem forréttindi og frábært tækifæri að fá að blanda saman starfi og mínu aðaláhugamáli þó ég kveðji minn gamla vinnustað og fólk þar með miklum söknuði,“ segir Tanja.

Hætti á toppnum

En hver er Tanja og lumar hún á farsælum íþróttiferli sjálf? „Ég ólst upp í Vestmannaeyjum og æfði fótbolta með ÍBV upp alla yngri flokkana. Æfði um tíma einnig með HK/Víking á veturum eftir að ég hóf nám við Verzlunarskóla Íslands en spilaði

þó alltaf með ÍBV á sumrin. Ég lagði skóna á hilluna í kringum það leyti sem ég hóf háskólanám en þá hafði ég orðið Íslandsmeistari í 2. flokki með ÍBV og má því segja að ég hafi hætt á toppnum. Það sem lýsir mér kannski best sem leikmanni var að ég var aldrei best en ég fékk iðulega verðlaun fyrir bestu ástundun og var mjög samviskusamur leikmaður og góður liðsmaður. Það er líklega eitthvað sem fylgdi mér í gegnum námið og lífið almennt. Ég er mjög meðvituð um mikilvægi íþróttanna í gegnum barnæskuna og unglingsárin og þann félagslega þátt sem íþróttir spilar í lífi barna og ungmenna. Að öðru leyti hef ég alltaf fylgst mikið með íþróttum og haft mikinn áhuga á öllu því sem tengist íþróttum og ekki síst pólitíkinni og umræðunni í kringum íþróttir.“

Sá fljótt að þetta var ekki sá vinkill á íþróttirnar

Og þú hefur haft mikla tengingu við íþróttir í gegnum árin og tekið þátt í ýmsum störfum tengdum íþróttahreyfingunni eins og áður kemur fram m.a. hlaustu fyrst kvenna réttindi sem umboðsmaður knattspyrnumanna árið 2014 – það hefur verið nokkuð stórt skref – af hverju ákvaðstu að demba þér í þetta og hefurðu eitthvað nýtt þér þessi réttindi og starfað við umboðsmennsku? „Það má segja að það hafi ekki verið mikil þæling á bak við það að taka þessi réttindi. Ég var að skrifa meistaritgerðina mína í lögfræði um samspil íþróttanna og lögfræði. Ég var því búin að sökkva mér í lög og reglur FIFA og KSÍ. Á svipuðum tíma var auglýst að halda ætti alþjóðlegt umboðsmannapróf FIFA í höfuðstöðvum KSÍ og ég hafði heyrt að það væri strembið. Mér fannst því skemmtileg áskoran að taka prófið og náði því. Það vakti töluvert meiri athygli en ég hafði búist við og ég fékk fjölda fyrirspurna frá leikmönnum og foreldrum leikmanna sem höfðu áhuga á að starfa með mér og það einskorðaðist ekki við knattspyrnu. Ég fór einnig í viðræður við aðra umboðsmenn um samstarf en ég sá fljótt að þetta var ekki sá vinkill á íþróttirnar sem mig langaði að einbeita mér að og áhugi minn lá meira í samningamálum og réttindum leikmanna almennt. Ég tók því meira að mér að aðstoða leikmenn við ágreining vegna samningamála og ég fann að rétt-



Tanja tekur við sem framkvæmdastjóri Breiðabliks af Eysteini Pétri sem hefur starfað sem framkvæmdastjóri hjá Breiðablik frá 2013

indi leikmanna voru mér hugleikinn frekar en að vera milliliður í félagaskiptum. Það varð svo til þess að ég fékk veður af því að verið væri að stofna Leikmannasamtökin og ég hafði samband við þann sem stóð á bak við það og óskaði eftir því að fá að vera með.“

Sér tækifæri í því að opna félagið betur fyrir þeim sem hafa áhuga á að starfa fyrir félagið

En í hverju felst svo starf framkvæmdastjóra Breiðabliks og sérðu fram á einhverjar breytingar með komu þinni? „Starf framkvæmdastjóra Breiðabliks er mjög fjölbreytt og teygir sig víða. Það eru margir aðilar sem koma að félaginu hvort sem það er starfsfólk, þjálfarar, foreldrar eða iðkendur að ögleymdum öllum þeim sjálfbodaliðum sem starfa fyrir félagið. Sjálfbodaliðar eru gríðarlega mikilvægir í starfsemi félagsins og ég sé tækifæri í því að opna félagið betur fyrir þeim sem hafa áhuga á að starfa fyrir félagið. Iðkendur hefur fjölgað og ég hef trú á að þeim fylgi fólk sem vilji leggja sitt af mörkum við að efla félagið enn frekar.“

Samfélagið breytist og þróast hratt og íþróttafélögin gegna þar mikilvægu hlutverki

Breiðablik er mjög öflugt og fjölmennt félag sem er þó alltaf í stöðugri þróun

enda kröfurnar stöðugt að aukast – er alltaf tækifæri til að gera enn betur í starfinu? „Breiðablik er frábært félag sem hefur verið rekið mjög vel undanfarin ár en það eru alltaf tækifæri til að gera betur. Samfélagið breytist og þróast hratt og íþróttafélögin gegna þar mikilvægu hlutverki. Félagin þurfa að þróast samhliða og ég sé klárlega tækifæri til að efla framtíðarsýn Breiðabliks með það í huga.“

Erum Kópavogsbæ mjög þakklát fyrir þessa bættu aðstöðu

Nú hófust framkvæmdir við nýjan gervigrasvöll við hlið Fifunnar sl. mánudag. Það hlýtur að vera mikið fagnaðarefni fyrir knattspyrnuna hjá Breiðablik sem er lang fjölmennast deildin innan félagsins? „Það sannarlega gott að fá betri aðstöðu til æfinga og keppni fyrir hina fjölmörgu iðkendur félagsins og í raun alveg nauðsynlegt þannig að við getum sinnt þeim fjölda sem stundar knattspyrnu hjá okkur. Við erum Kópavogsbæ mjög þakklát fyrir þessa bættu aðstöðu sem bætir gæðin í starfi félagsins og gerir okkur kleift að veita enn betri þjónustu við börn og unglinga í Kópavogi.“

Það eru kannski ákveðnir vaxtaverkir í aðstöðumálum

En það eru 12 deildir starfandi hjá Breiðablik, hvernig er almennt með aðstöðumál félagsins, eru þau í góðum málum eða hvar þarf helst að taka til hendinni? „Breiðablik hefur stækkað mjög mikið síðustu ár og það eru kannski ákveðnir vaxtaverkir í aðstöðumálum. Það er ekkert launungamál að það er þörf á betri aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir sem dæmi. Þá eru aðrar deildir eins og karate-

deildin ekki með nægilega góða aðstöðu. Einnig myndum við vilja sjá aðstöðu fyrir þríþrautardeildina og hjóladeildina á félagssvæði Breiðabliks. Þá er búnings- og styrktaraðstaða félagsins orðin ansi lúin og er ekki í samræmi við stærð og umfang íþróttastarfsins í Smáranum. Við viljum vera fremst í öllum okkar íþróttum í bæði uppeldis- og afreksstarfi og til þess þarf að byggja upp aðstöðu samhliða ört stækandi félagi.“

Og það er mikilvægt hverju íþróttafélagi að bæjaryfirvöld séu vel meðvituð um mikilvægi barna- og unglingsstarfs og afreksstarfs í sveitarfélaginu? „Samstarfið við Kópavogsbæ hefur verið gott í gegnum árin og ég hef ekki trú á öðru en að það haldi áfram. Bæjaryfirvöld eru mikilvægur aðili í starfsemi félagsins að sama skapi og Breiðablik er gríðarlega stór hluti af samfélaginu í Kópavogi á öllum aldursstigum. Félagið hefur ákveðnar hugmyndir um aðstöðumál og þjónustu í Kópavogsdal og höfum við ákveðnar væntingar til þess að þær verði að veruleika í náinni framtíð í samstarfi við bæjaryfirvöld.“

Helstu áskoranirnar eru því klárlega þær að styrkja innviðina

En hverjar eru svo helstu áskoranir framundan fyrir Breiðablik og Tönju í stöðu framkvæmdastjóra – er félagið alltaf að stækka, iðkendur að fjölga og er reksturinn alltaf að verða stærr og þyngri? „Veruleg fólksfjölgun á svæði Breiðabliks er fyrirséð og því ljóst að félagið mun stækka enn frekar á næstu árum. Helstu áskoranirnar eru því klárlega þær að styrkja innviðina þannig að við getum tekið á móti þeim iðkendum sem vilja stunda íþróttir hjá Breiðabliks á sama tíma og við höldum úti öflugum afreksstarfi. Það þarf því bæði að huga að aðstöðumálum og rekstrinum með þetta í huga.“

En þú ert spennt að hefjast störf og hvað er framundan hjá Tönju og Breiðablik? „Ég er mjög spennt fyrir því að taka til starfa og kynna öllu fólkinu sem kemur að félaginu. Starfsemi félagsins er viðamikil og margt að koma sér inn í en hjá félaginu starfar frábært fólk sem ég veit að mun styðja vel við mig á næstu mánuðum.“

Og svona að lokum, hvað gerir Tanja þegar hún er ekki í vinnunni? „Þegar ég er ekki í vinnunni er ég yfirleitt að eyða tíma með mannum mínum og börnunum okkar þremur, horfandi á íþróttir eða úti að hlaupa,“ segir nýr framkvæmdastjóri Breiðabliks að lokum.

VATNSLEIKFIMI

SUNDLAUGINNI SJÁLANDSSKÓLA Í GARÐABÆ

KRÖFTUGIR TÍMAR FYRIR ALLAR KONUR

NÁMSKEIÐ HEFJAST MÁNUDAGINN 2. SEPTEMBER



MÁNUDAGA OG MIÐVIKUDAGA KL. 18:15
ÞRIÐJUDAGA OG FIMMTUDAGA KL. 18:20

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING

birna@likamsraekt.is
s. 891-8511




Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi
www.bilasprautun.is

554 2510





Nýr Audi Q7 TFSI e

3,0 lítra V6 bensínvél með allt að 82 km drægni á rafmagni*

390 (55) til 490 (60) hestöfl

Loftþúðafjöðrun

Dráttargeta 3500 kg.

Yfirburðar hljóðeinangrun

*skv. WLTP

8 Ára ábyrgð
á rafhlöðum

Fimm ára ábyrgð hjá Heklu
5

 Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk.

Sími 590 5000

www.hekla.is

„Eitthvað fyrir alla“ í Ballettskóla Eddu Scheving

Ballettskóli Eddu Scheving býður upp á kennslu á þremur stöðum, í Kópavogi, í Grafarvogi og í Skipholti. Skólinn er að fara inn í 64 starfsár sitt, en skólinn var stofnaður árið 1961.

Ballettskóli Eddu Scheving sérhæfir sig í kennslu í klassískum ballett fyrir alla aldurs- hópa frá 2ja ára aldri en býður einnig upp á jazzballett og söngleikjadans fyrir forskóla og jazz/modern fyrir eldri nemendur. Ballett-fitness eru tímar fyrir fullorðna og svo eru Silfur-svanir sem er frábært prógramm fyrir 65 ára og eldri. Einnig býður skólinn upp á mat-pilates tíma.

Nýjungin hjá skólanum í ár er að bjóða upp á sér strákatíma fyrir aldurinn 3-9 ára. Við spurðum skólastjóran, Brynju Scheving af hverju að bjóða upp á sér strákatíma? „Ég hef hugsað þetta lengi en læt nú verða af því að bjóða upp á þetta. Fyrir rúmum 20 árum eða svo vorum við beðnar um að sjá um ballettkennslu í leikskóla. Við byrjuðum eins við vorum vanar að skipta í hópa eftir árgöngum en við höfðum aldrei verið með eins marga stráka í sama hóp. Oftast eru kannski 1-2 strákar í hóp að meðaltali. En orkan sem fylgdi svona fjölmennum hóp var svo mikil og drengirnir þurftu bara meiri útrás og meira fjör. Svo við skiptum upp hópnum í sér stelpu- og sér strákahópa. Allir nutu sín betur, stelpurnar blómstruðu í rólegra umhverfi og strákarnir fengu meira prógramm við sitt hæfi þar sem þeir þurftu að hreyfa sig meira, hoppa eins og superman eða leika dreka og rúlla eins og boltar sem dæmi,“ segir hún og bætir við: „Tækni- og undirstöðuæfingar eru að sjálfsögðu þær sömu hjá báðum hópnum og síðan voru æfingar sem hentuðu betur hvoru kyni um sig. Þannig fengu allir meira út úr tímanum. Ég held líka að þetta verði til þess að auka áhugann hjá fleiri strákum, þar sem þeim býst að koma í sér strákatíma því einhverjum finnst kannski erfitt að koma og vera eini strákurinn í sínum hóp en svo



söngleikjadans og jazz/modern tíma fyrir alla.”

Mjúkir og léttir tímar

„Ballett fyrir fullorðna er skemmtilegt prógramm sem við höfum boðið upp á lengi og svo eru Silfursvanirnir eru frábærir tímar fyrir aldurinn 65 ára og eldri. Þar bjóðum við upp á mjúka og léttu tíma sem einkennast þó mest af tignarlegum hreyfingum, glæsileika og fallegri tónlist. Pilates tímarnir er frábært kerfi til að styrkja miðju líkamans. Tímarnir byggjast á styrktar- og jafnvægisæfingum og djúpvöðvaþjálfun. Svo það er eitthvað fyrir alla,“ segir Brynja að lokum, en haustönn skólans hefst 11. september, skoða má allar upplýsingar á síðu skólans <https://bsch.is/>

Myndirnar eru teknar á nemendasýningu skólans í Borgarleikhúsinu þar sem allir nemendur frá 3 ára láta ljós sitt skina.

hentar það auðvitað öðrum og að sjálfsögðu má áfram skrá sig í blandaða hópa.”

Fjölbreytt námskeið í boði

Hvað er annað svona helst í boði hjá ykkur á komandi skólaári? „Við erum með margt í boði eins og tímar frá 2ja ára og upp úr. Það er einstaklega gaman að kenna þessum yngstu en jafnframt afar krefjandi. En svo er svo gaman að sjá árangurinn og hvað þessir ungu nemendur ná að gera og herma eftir okkur. Þau öðlast styrk og öryggi, þjálfu jafnvægi og finnhreyfingar um leið og þau fá að njóta sín í alls konar leikjum og dónsum. Svo eykst þjálfun með hverjum stigi fyrir sig. Við bjóðum einnig boðið upp á jazzballett/

Magnús og Júlía sigruðu B-flokkinn í Criterium

SI. sunnudag var Íslandsmótið í criterium haldið sem var í senn fjórða og síðasta bikarmótið í greininni. Hjólreiðadeild Breiðabliks átti nokkra keppendur sem stóðu sig mjög vel.

Magnús Björnsson og Júlía Oddsdóttir (afmælisbarn dagsins) gerðu sér lítið fyrir og sigruðu B-flokkinn í æsispennandi endaspretti, en Júlía varð jafnframt bikarmeistari í greininni. Þá var Krístrún Lilja Daðadóttir í 3. sæti í sama flokki og áttu Blikar því þrjá á palli.

Björg Hákonardóttir var í sex hjólara hóp og lenti í 6. sæti í A-flokki, aðeins sekúndum á eftir 1. sætinu.

Í karlakeppninni var mikið fjör og en þar endaði Bjarni Garðar Nicolaiðsson í Breiðabliki í 7. sæti.



Krístrún og Júlía

Konur 65+ tóku sveitakeppnina LEK annað árið í röð




Konur 65+ kepptu í sveitakeppni LEK á Vatnsleysuströnd núna í ágúst og sigraði sveit GKKG annað árið í röð.

GKKG sveitina skipuðu Áslaug Sigurðardóttir, Birna Aspar, Elisabet Böðvarsdóttir, María Málfríður Guðnadóttir og

Steinunn Helgadóttir. Í öðru sæti var sveit GR og í þriðja Nesklúbburinn, en alls tóku 8 sveitir þátt í mótinu.

Þessi sveitakeppni LEK 65+ bara vex og dafnar. Til hamingju með sigurinn flottu fulltrúar GKKG.



Skráning hafin

Ballett frá 2ja ára - Jazzballett
Ballett-fitness - Silfursvanir 65 ára+
Mat-pilates og 20-30 ára advanced
Nýtt - Sér strákatímar

**BALLETTSKÓLI
EDDU SCHEVING**

Skipholt • Kópavogur • Grafarvogur

*Ekkert alkóhól.
Fullt af bragði.*



LA BIÈRE
FINE SANS ALCOOL



Ekki bara málað á vegg

Vegglistahópur Skapandi sumarstarfa skreytti vegg bæjarins í sumar

Vegglistahópur á vegum Skapandi sumarstarfa í Kópavogi hefur unnið hörðum höndum í sumar við að skreyta vegg bæjarins en starfi þeirra lauk í byrjun ágúst.

Ásamt því að spreya og mála á vegg hefur hópurinn einnig spreytt sig á óhefðbundnari flötum en skreyttir ljósastaurar hafa vakið sérstaka athygli vegfarenda.


Fjölskrúðuga vegg og undirgöng má finna víða um bæinn en ljósastaurarnir áður-

nefndu eru staðsettir við Urðarbraut, vestan við Sundlaug Kópavogs.

Hópurinn málaði einnig súlur við inngang að hesthúsunum í Kórahverfi.

Hópurinn samanstendur af fjórum listakönnum en þær eru Elísabet María Hákonardóttir, Tinna Martinsdóttir, Martina Prihodová og Karen Ýr. Verkin eru flest sköpuð af listakönnum sjálfum eða unnin í samvinnu við eigendur veggjanna.

Samstarf hefur gengið mjög vel og þau verk sem nú eru fullkláruð hafa þegar vakið athygli bæjarbúa og vonandi mikla gleði. Hópurinn hefur haldið úti síðu á instagram undir nafninu @vegglisr þar sem nálgast má frekari innsýn í starf sumarsins. Þær hafa verið iðnar við að iðka list sína á veggjum bæjarins með glæsibrag sem bæjarbúar og aðrir geta nú fengið að njóta á ferðum sínum um bæinn eins og sést á myndunum sem Björg Steinunn Gunnarsdóttir, aðstoðar almannatengill Kópavogsbæjar tók í vikunni.



NÝTT SORPHIRÐUDAGATAL

Frá og með 1. ágúst tekur gildi nýtt sorphirðudagatal hjá Kópavogsbæ.

NÁNARI UPPLÝSINGAR



Kópavogsbær



Bæjarmolar

Tafir á sorphirðu



Tafir hafa orðið á sorphirðu í Kópavogi undanfarið en verið er að vinna þær upp með það að leiðarljósi að hver úrgangsflokkur verði hirtur á tveggja vikna fresti.

Beðist er velvirðingar á þeim óþægindum sem tafir valda. Hægt er að senda inn ábendingar á: <https://www.kopavogur.is/is/abendingar-form>

Þar getur þú komið ábendingum þínum og tillögum á framfæri við starfsfólk Kópavogsbæjar. Öllum erindum verður svarað eins fljótt og kostur er. Athugið að um ábendingu er að ræða en ekki verkbeiðni.




HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

**Það er enn tími til að grilla
Skoðið úrvalið hjá okkur**




HAFID
FISKVERSLUN
- Gæðin skipta máli -

**Það er enn tími til að grilla
Skoðið úrvalið hjá okkur**